

SNÍKJUDÝR

Líkami rjúpunnar er búsvæði fyrir fjölbreytilega fínu sníkjudýra. Samtals hafa 16 tegundir fundist á og í íslensku rjúpunni, þar af eru 10 tegundir ytri sníkjudýra og 6 tegundir innri sníkjudýra.

Sérhver þessara sníkjudýrategunda á sína sérstöku vist með tilliti til þess hvar hún lifir og hvað hún étur og hvernig hún dreifir sér á milli rjúpna. Þetta samfélag sníkjudýra og hýsils er gott dæmi um líffræðilega fjölbreytni á smáum skala.

Sem dæmi um hvernig tegundirnar deila líkama rjúpunnar á milli sín má nefna mítlana en af þeim lifa 5 tegundir á rjúpunni. Ein þessara tegunda heldur til á fönnum vængfjaðra, önnur lifir á dúnfjöðrum sem vaxa á bol rjúpunnar, þriðja tegundin lifir inni í fjaðurstöfum armflugfjaðra og þekjufjaðra á væng, og tvær tegundir lifa í húð rjúpunnar.

Búsvæði sníkjudýra rjúpunnar



Sníkjudýr rjúpunnar



Fuglafluga

Smitleiðir. Sum af þessum sníkjudýrum rjúpunnar smitast beint frá rjúpu til rjúpu en aðrar tegundir nota millihýsla, líkt og ánamaðka eða skordýr, eða ferju eins og fuglaflugu.

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsóknastofnun á sviði jarðvísinda, líffræði og vistfræði. Starfsstöðvarnar eru tvær; í Garðabæ og á Akureyri. Náttúrufræðistofnun hefur m.a. það hlutverk að veita stjórnvöldum ráðgjöf um friðlýsingu lands og tegunda en einnig um veiðipól fuglastofna svo sem rjúpna og gæsa. Á Náttúrufræðistofnun eru varðveitt í vísindasöfnum eintök af tegundum dýra og plantna, steinda og bergtegunda, sem fundist hafa á Íslandi.

Meginviðfangsefni náttúruvísindamanna sem starfa á Náttúrufræðistofnun er að skrá og kortleggja náttúru landsins og fylgjast með breytingum sem þar verða.

<http://www.ni.is/dyralif/fuglar/Voktunrjupnastofnsins/>



Við rjúpnatalningar

Vísindavaka 27. september 2013

Texti: Ólafur K. Nielsen, Ute Stenkewitz, María Harðardóttir
Myndir: Almut Schlaich (1), Daniel Bergmann (7), Einar Guðmann (1),
Jóhann Óli Hilmarsson (3), Karl Skírnisson (12)
Uppsetning og teikningar: Anette Theresia Meier



www.ni.is

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

RJÚPAN



UM RJÚPUNA



Rjúpa, *Lagopus muta*,


er hænsnfugl af orraætt (Tetraonidae) og sá eini sem lifir villtur á Íslandi. Hún er grasbítur, um 31-35 cm að lengd og vegur um 500 g. Fætur og tær eru fiðraðar sem dregur úr hitatapi og auðveldar gang í snjó.



Rjúpan er sérstök meðal fugla því hún skiptir um bolfiður þrisvar sinnum á ári. Vetrarbúningur rjúpunnar er alhvítur en á sumrin og haustin er fuglinn brúndrófnóttur í fullkomnum felulit. Hún verður kynþroska árgömul og er mjög frjósöm.



Stofnstærð íslensku rjúpunnar breytist á kerfisbundinn máta, stofninn rís og hnígur og hver sveifla tekur um 10 ár.



Útbreiðsla rjúpunnar nær um allan norðurhjarann og undirtegundir skipta tugum. Íslenska rjúpan telst sérstök undirtegund, *L.m. islandorum*, og er skyldust grænlenku rjúpunni.



Rjúpan spilar stóran þátt í **matarmenningu** þjóðarinnar og er hefðbundinn jólamatur á borðum margra Íslendinga. Þúsundir veiðimanna ganga til rjúpna ár hvert. Veiðistýring byggir á fjölda leyfilegra veiðidaga og sölubanni á rjúpum.


RJÚPAN OG FÁLKINN

Fálkinn, *Falco rusticolus*,

tilheyrir fálkaættinni (Falconidae) og er stærsta tegundin innan þeirrar ættar. Fullorðnir kvenfálkar vega um 1,6 kg og karlfálkar um 1,3 kg. Rjúpan er kjörfæða fálkans og tekur hann fátt annað ef rjúpur eru í boði.



Veiðar með fálkum er ævagömul íbrótt sem náði miklum vinsældum meðal höfðingja í Evrópu. Íslenski fálkinn var veiddur og taminn til veiðileikja og fluttur í þúsundtali til Evrópu frá miðöldum fram til um 1800. Útflutningstölur frá þessum árum sýna reglubundnar breytingar í fjölda fugla og um 10 ár eru á milli hámarksára.



Allt bendir til að fálki sé einn af þeim náttúrulegu þáttum sem knýja áfram reglubundna stofnsveiflu rjúpunnar. Fálkastofninn rís og hnígur líkt og rjúpnastofninn en með um þriggja ára hniki miðað við stofnbreytingar rjúpunnar.


Rjúpan, sem er systir fálkans, er snotur fugl og hraðfleygur. Það er vörn hennar móti bróður sínum, fálkanum, að hún verður samlit snjónum á vetrum, en jörðunni á sumrum, og gengur honum því illa að sjá hana. Það er gömul sögn, að Guð bauð Sankti Maríu að kalla saman alla fugla og prófa hlýðni þeirra við sig, með því að leggja fyrir þá ýmsar þrautir. María bauð þeim að vaða logandi bál. Hlýddu þeir allir, nema rjúpan. Hún bar það fyrir sig, að hún sviði fiðrið af fótum sér. „Sértu þá héðan frá loðin um fæturna,“ sagði María. „En af því að þú óhlýðnaðist boðinu, þá skal bróðir þinn sitja um líf þitt og drepa þig sér til matar, og þó sér óvitandi, en kenna ætíð, þá kemur að hjartanu.“ Þetta varð.

Þjóðsögur og sagnir VI. Sigfús Sigfússon. 1945

VÖKTUN

Íslenski rjúpnastofninn er vaktaður með talningum, aldursgreiningum og veiðiskýrslum. Vöktunargögnin eru notuð til að lýsa stofnbreytingum, ráða í afföll, reikna heildarstofnstærð og veita ráðgjöf um nýttjar.

Á vorin eru rjúpur **taldar** í öllum landshlutum. Á þessum tíma árs eru karrarnir hvítir og áberandi og verja sín óðul en kvenfuglinn lætur lítið á sér bera. Talningarnar gefa stofnvísitölu sem lýsir hvernig stofninn rís og hnígur og samræmi innan og á milli landshluta.



Niðurstöður rjúpnatalninga á Norðaustur- og Suðvesturlandi.

Á vorin og á veiðitíma eru fuglar **aldursgreindir** á lit handflugjaðra. Greint er á milli árgamalla fugla og eldri. Síðsumars er hægt að aldursgreina rjúpur á stærð því ungar frá sumrinu hafa ekki tekið út fullan vöxt. Aldurshlutföll og talningar eru notaðar til að reikna afföll rjúpna.



Veiðiskýrslur sýna hve mikið er veitt af rjúpu ár hvert. Þær, ásamt aldursgreiningum á veiði og varpstofni og stofnvísitölu og reiknuðum náttúrulegum afföllum fullorðinna fugla eru notaðar til að reikna stærð veiðistofns.

Vöktunargögn sýna að rjúpnastofninum hefur hnignað á liðnum áratugum, stofnsveiflan hefur viðhaldist en topparnir orðið æ lægri. Vegna þessa voru rjúpnaveiðar bannaðar árin 2003 og 2004 og frá 2005 hafa verið settar verulegar skorður við veiðum.